

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um afstöðu ríkisstjórnarinnar til gagnflaugakerfis Bandaríkjamanna í Evrópu.

Frá Steingrími J. Sigfússyni.

1. Hefur ríkisstjórnin mótað þá formlegu afstöðu að styðja fyrirætlanir Bandaríkjamanna um uppsetningu gagnflaugakerfis í Evrópu?
2. Ef svo er, hvenær var slík samþykkt gerð í ríkisstjórn og hverju sætir að slíkt var ekki borið undir utanríkismálanefnd?
3. Hafði ráðherra enga fyrirvara á stuðningi fulltrúa Íslands við ályktun utanríkisráðherra-fundar Nató í Brussel 2.–3. desember sl. þar sem áformum Bandaríkjustjórnar er fagnað?